



ADALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035
ÞÉTTBÝLISUPPDRAÐTÚR - HOFSÓS - MKV.1:10.000
UPPRUNI: VSÓ RÁÐGJÓF



GREINARGERÐ

1. Aðdragandi, skipulagssvæðið og viðfangsefni

1.1 Aðdragandi
Skagafjörður fyrirhugar að reisa sorpmóttökustöð og gámasvæði á Hofsósi, norðvestan við gatnamót Norðurbrautar og Bæjarbrautar. Umhverfis- og samgöngunefnd Skagafjarðar fer með sorpmál fyrir sveitarfélagið og verður framkvæmdaraðili. Fyrirhugaðar framkvæmdir kalla á deiliskipulagsgerð sem er nú á frumstigi. Skipulagslýsing þessi er unnin skv. 2.mgr. 38.gr og 1.mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsing er fylgiskjal með umsókn umhverfis- og samgöngunefndar um að láta vinna deiliskipulag fyrir sorpmóttöku- og gámasvæði á Hofsósi á sinn kostnað skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.2 Skipulagssvæðið
Skipulagssvæðið liggur norðvestan við gatnamót Norðurbrautar og Bæjarbrautar. Afmörkun er sýnd á meðfylgjandi uppdraetti í skipulagslýsingu. Svæðið er 11.414 m² að stærð með aðkomu af Bæjarbraut og Norðurbraut.

2. Helstu forsendur

2.1 Staðhættir og atvinnulíf
Skagafjörður er rúmlega 40 km langur inn að Hegranesi. Inn af firðinu tekur við samnefndur dalur og frá Hegranesi eru um það bil 110 km í beinni loftlínu upp á Hofsjökul. Sjálfstjórnir eru um það bil 50 km að lengd áður en það skiptist í dali sem ná inn á hálendið. Að norðanverðu er breidd undirlendis 5-10 km.

Af verslunarstöðum á Íslandi sem eru enn í byggð, er Hofsós talinn einn sá elsti. Því er haldið fram að verslun hafi byrjað á Hofsósi strax á 16. öld.¹ Þá var ein af aðalhöfnum landsins á Hofsósi.² Íbúum á Hofsósi hefur fjölgað síðustu ár, frá 2019, en þar á undan hafði verið samfelld fækkun á milli ára frá 2013. Í byrjun árs 2022 var íbúafjöldi 172 sem var svipað og árið 2001.³ Ekki liggur fyrir fjöldi íbúa 1. jan. 2023. Sundlaugin á Hofsósi er ein af vinsælustu sundlaugum landsins og nýlega var byggður nýr leikskóli við grunnskólann. Þá eru fyrirætlanir um að reisa íþróttahús á skólalóðinni.

Helstu atvinnugreinar í Skagafirði eru útgerð, landbúnaður, ferðaþjónusta, iðnaður, verslun og opinber þjónusta. Atvinnulíf í Skagafirði hefur lengi verið fjölbreytt. Síðustu ár hefur ferðaþjónusta aukist umtalsvert á svæðinu, líkt og annars staðar á landinu, en aðrar atvinnugreinar standa einnig sterkum fótum. Í Skagafirði hefur verið uppbygging í sorpmóttöku síðustu ár. Þar má nefna nýja sorpmóttökustöð sunnan Varmahlíðar sem tekin var í notkun árið 2020. Áhersla á sorpmál hefur aukist töluvert undanfarna áratugi og kröfur á þennan málaflokk orðnar töluverðar. Fyrirhugað deiliskipulag er liður í þeirri uppbyggingu.

Á skipulagssvæðinu er lóðin Norðurbraut, L146707. Lóðin er skráð 2299,3 m² og á henni stendur aðstöðuhaus og áhaldahús, byggt árið 1952. Skráð byggingarmagn er 357,7 m². Nýrst á svæðinu er afgirt geymslusvæði og fyrir miðju svæði, austan við áhaldahús, hafa staðið sorpgámar. Eitt af viðfangsefnum deiliskipulagsins er að koma þessari notkun í fastar skorður.

2.2 Gagnaöflun og greining forsendna
Forsenduöflun hefur þegar farið fram að miklu leyti við gerð skipulagslýsingar og hönnunar á fyrirhuguðum mannvirkjum. Verði þörf á frekari gagnaöflun mun hún fara fram samhliða vinnu við skipulagstillöguna.

Skilmálar og nýtingarhlutföll verða ákvörðuð þegar helstu stærðir og forsendur liggja fyrir.

2.3 Staða skipulags Landskipulagstefna 2015-2026

Fyrirhugað deiliskipulag snertir 3. viðfangsefni landskipulagsstefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar, einkum viðfangsefni 3.2 um sjálfbært skipulag og 3.3 um gæði hins byggða umhverfis. Uppbygging sem skipulagið gerir ráð fyrir er í samræmi við þarfir samfélagsins núna og til framtíðar og stuðlar að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi úrgangsméðhöndlun. Þá mun uppbyggingin styrkja starfsemi og samfélag sem fyrir er. Einnig verða leiðarljósin 4 höfð til hlíðsjónar við vinnslu skipulagstillögunnar.

Aðalskipulag
Skipulagssvæðið er innan skilgreindra þéttbýlismarka Hofsóss í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Svæðið er innan athafnasvæðis nr. AT601. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um mannvirki og starfsemi á athafnasvæðum (AT) í 6.2. gr. lið e.:

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.“

Fyrirhuguð tillaga að deiliskipulagi kallar á breytingu á aðalskipulagi þar sem athafnasvæði (AT) er breytt í iðnaðarsvæði (I). Um iðnaðarsvæði (I) segir í lið f. í 6.2. gr. skipulagsreglugerðar:

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förg-unar-stöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Deiliskipulag
Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Minjavernd

Skipulagssvæðið eru utan afmörkunar verndarsvæðis í byggð eins og hún er skilgreind í greinargerð Minjastofnunar um *Verndarsvæði í byggð – Hofsós – Tillaga og greinargerð*.

Þá liggur fyrir skýrsla Katrínar Gunnarsdóttur frá Byggyðasafni Skagafringa dags. febrúar 2001 um forleifaskráningu fyrir Grafarós og Hofsós í Skagafirði. Í skýrslunni eru 3 minjar skráðar í námunda við skipulagssvæðið,

- nr. 43 sem var gamalt timburhús við Grænamýri sem er nú horfið, hættumat: Ekki gefið upp,
- nr. 107 var torfbær sem er nú horfinn, hættumat: *Engin hættu*,

¹ LENDIS (2009). *Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 – Forsendur*. Sveitarfélagið Skagafjörður.
² Katrín Gunnarsdóttir (2001). *Grafarós og Hofsós – Forleifaskráning*. Byggyðasafn Skagafringa.

- nr. 108 er hlaðinn brunnur, norðaustur af horni þangstaða, hættumat: *Ef eitthvert jarðrask verður á þessum stað ætti að huga að brunnum.*²

Umræddur brunnur, minjar nr. 108, er líklega utan framkvæmdasvæðis en hugað verður að honum ef hann kemur í ljós.

Engar aðrar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins. Minjastofnun Íslands er skráð sem umsagnaraðili og gefst þar með kostur á að koma með umsögn.

2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Ekki eru tengsl við aðrar áætlanir.

2.5 Náttúruvá og verndarsvæði

Engar þekktar náttúruvár eru á skipulagssvæðinu né í grennd við það. Skipulagssvæðið nær ekki inn á nein verndarsvæði eins og þau eru skilgreind í gildandi aðalskipulagi.

3. Umhverfisáhrif

3.1 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagstillagan hefur að markmiði að taka tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og draga úr áhrifum á umhverfi.

Aformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins eru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samnanber lög nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlaða. Umhverfismat skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 verður unnið við gerð deiliskipulagsins.

4. Markmið, samráð og skipulagsferli

4.1 Markmið

Markmið fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu eru:

- Styðja við leiðarljósið aðalskipulags 2020-2035 fyrir Hofsós um að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu,
- Stuðla að snyrtilegu og hreinlegra umhverfi með skapa forsendur fyrir uppbyggingu sorpmóttökustöðvar og gámasvæðis,
- Skilgreina lóðamörk og byggingarreiti,
- Setja byggingarskilmála.

4.2 Kyningar og samráð

Skipulagslýsing verður lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Að fengnu samþykkt verður hún send skipulagsstofnun til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst í blöðum og höfð til sýnis í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Skagafringabraut 21, 550 Sauðárkrúki auk heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is. Með því er umsagnaraðilum gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem gagnast gætu skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefst þá samráðs- og umsagnaraðilum og öðrum kostur á að leggja fram athugasemdir.

Samráðs- og umsagnaraðilar verða :

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands

4.3 Tíma og verkáætlun

- febrúar 2023 : Skipulagslýsing lögð fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Skagafjarðar.
- febrúar 2023 : Skipulagslýsing og umsókn um heimild til að vinna deiliskipulag lagt fyrir skipulagsnefnd.
- mars 2023 : Skipulagslýsing og umsókn um heimild til að vinna deiliskipulag lagt fyrir sveitarstjórn.
- mars 2023 : Skipulagslýsing send skipulagsstofnun og umsagnaðilum til umfjöllunar.
- mars 2023 : Skipulagslýsing auglýst í dagblaði og á heimasíðu sveitarfélagsins, auglýsingatími 3 vikur.
- apríl 2023 : Athugasemdafrestur skipulagslýsingar rennur út. Úrvinnsla athugasemda.
- apríl 2023 : Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn.
- apríl 2023 : Tillaga að deiliskipulagi auglýst og til sýnis í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar ásamt heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is. Auglýsingatími 6 vikur.
- júní 2023 : Athugasemdafrestur lýkur. Yfirferð athugasemda, tillaga að deiliskipulagi samþykkt og svör send þeim sem gerðu athugasemdir.
- júní 2023: Afgreiðsla Skipulagsstofnunar og birting í B-deild Stjórnartíðinda.

³ Hagstofa Íslands (2023). *Íbúar >>...> Mannfjöldi eftir byggðakörnum, kyni og aldri 1. Janúar 2001-2022*. Skoðað þann 02.02.2023 á vef Hagstofu Íslands.



SKIPULAGSLÝSING

Dags.	HOFSÓS - SORPMÓTTÖKU- OG GÁMASVÆÐI	Útgáfa.	Verkrn.
08.02.2023	Tillaga að deiliskipulagi	1.0	41840201
Dags. br.	Hannað/Teiknað.	Kvarði.	Bláðast.
--	BMÁ	1:1000	A2
			Uppdráttur nr. SL01

Skrá: 41840201DSK Hofsós sorpmóttaka SL01.dgn